

Sérstæð sýning

Myndlist

Valtýr Pétursson

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sérstæð sýning, sem Þórður Ben Sveinsson hefur sett saman. Sýning þessi fjallar nær eingöngu um skipulag Reykjavíkurborgar og bendir á nýjar leiðir, sem listamaðurinn telur þess verðar, að um sé hugsað. Það eru frumhugmyndir Þórðar Ben, sem hér eru settar fram í teikningum hans, og ef ég hef rétt skilið, eru líkindi á, að þessar hugmyndir eigi eftir að þroskast og taka breytingum í samræmi við framvindu mála, hver svo sem hún verður.

Þórður Ben segist miða hugmyndir sínar við íslenskar aðstæður, og má þar fyrst og fremst benda á hugmyndir hans um ylstræti. Nafnið eitt ber með sér, að þörf er á slíku í landi þar sem svalir vindar næða megnið af árinu og kuldi er öruggari en varmi sólar. Það er auðvitað jarðvarminn, sem Þórður Ben er hér að byggja á, og ekki veitir nú af hugmyndum í því sambandi. Gardhús, sem eiga að koma í stað blokka, eru einnig mjög athyglisverð, og er fjöldi útlits-teikninga af þeim á þessari sýningu. Megnið af því, sem þarna er til sýnis, eru árituð spjöld með texta, þar sem listamaðurinn kemur athugasemdum og hugmyndum sínum á framfæri. Þeir, sem áhuga hafa á arkitekt-

úr, ættu að finna sér umræðuefni á þessari sýningu, og margt er það, sem listamaðurinn tekur þarna til bæna.

Sá sem þetta ritar hefur um langan aldur haft mikla skemmtun af verkum Þórðar Ben, allt frá því er hann byrjaði feril sinn. Hann er hugmynda- ríkur og blandar gjarnan saman alls konar hlutum til að koma hugmyndum sínum í viðunandi form. Hér gerir hann raunverulega sama hlut og nokkuð er það áberandi að teikningar hans feli í sér fleiri en einn stíl. Ég fæ vart betur séð en að Þórður Ben sé upptekinn af að skapa framhald af því, er þýskir nefndu í eina tíð Jugendstíl. Það gerir hvorki til eða frá, þótt ég hafi ef til vill rangt fyrir mér í þessu, en funkis og grískar stöðir hljóta í einni og sömu byggingu að gefa alls konar hugmyndir.

Lesmálið er mikið á þessari sýningu, og hver og einn verður að melta það og meðtaka á sinn hátt. Þrjú myndlistarverk eru þarna einnig, og eru þau mjög ólík í eðli sínu, enda þótt íslensk bírta sé undirstaða þeirra, eins og listamaðurinn segir í fáum orðum. Sýningarskrá er engin. Ég kallaði þetta sérstæða sýningu hér í upphafi og man ekki eftir að hafa séð hliðstæða sýningu frá hendi íslensks listamanns áður. Þórður Ben hefur lengi dvalið erlendis og ef til vill lært þessa aðferð þar, en þetta er áhugaverð sýning og á sér áreiðanlega hljómgrunn.

TEPPAVERSLUN FRIDRIKS BERTELSEN

berio saman vero og gæoi




100% Teflon varinn þráður, hver þráður heldur frá sér óhreinindum

Öll Gram-teppi eru af-rafmögnuð



Gram Teppi fyrir:
Stigahús
Skrifstofur
Verlanir
Barnaherbergi
Stofur
Ganga



★ DÖNSK GÆÐAVARA Á LÁGU VERÐI
AFRAFMÖGNUG - VATNSVARIN

TEPPAVERSLUN FRIDRIKS BERTELSEN

SÍDUMÚLA 23 ☎ 86260-86266

Hljómflutningstækin þín verða aldrei betri en hátalarnir sem þú tengir við þau!

Það er næstum því sama hvað tækin þín heita - Akai, Marantz, Pioneer, Fischer, Philips, Sony, Sanyo eða Plupp - tóngæðin byggjast mest megnis upp á hátölurinum.

Auðvitað skiptir talsverðu máli hversu góð tækin eru, en þó er miklu mikilvægara hvaða hátalara þú notar. Þess vegna ber öllum



„stærri spámönnum“ saman um að verð hátalara megi nema allt að 70% af heildarverði samstæðunnar.

Þar af leiðandi hljóta flestir að kynna sér Bose, því Bose hátalarar eru viðurkenndir jafnt af áhugamönnum sem atvinnumönnum.

Komdu og kíktu á okkur - og Bose

Bose 301 hátalarasett

Sérstök hljómskyggusýning í verslun okkar að Sætúni 8 segir þér allan sannleikann um Bose.



Yfirburðir Bose felast í fullkomnu samspili beinna og endurkastaðra tóna.

BOSE
heimilistæki hf
Hafnarstræti 3 — Sætúni 8.

